

10. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn fimmtudaginn 1.nóvember 2018 kl. 15:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Björn Torfason Melum 1, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík og Úlfar Eyjólfsson Krossnesi 1.varamaður vegna fjarveru GÁ. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins;

1. Áreiðanleikakönnun fyrir hreppinn til Sparisjóðsins.
2. Samþykkja ábyrgðir fyrir sorpsamlagið vegna lántöku fyrir nýjum sorpbíl.
3. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.
4. Bréf frá Persónuvernd.
5. Undirskrift kaupsamnings vegna Kambs, .....Málefni Kambs vegna útkomu bókar um Kambsmálið.
6. Óbyggðanefnd – kynning á kröfu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins. Er komið inn á heimasíðu Árneshrepps.
7. Umhverfisstofnun, bréf lagt fram til kynningar og úrlausnar.
8. Gjaldskrá vegna framkvæmdaleyfa og skipulagsvinnu í Árneshreppi. Lögð fram til samþykktar.
9. Erindi til byggingarnefndar Árneshrepps vegna lóðar í Djúpavík. Fá á hreint hvernig við eigum að afgreiða það mál.
10. Undirbúningur fyrir fjárhagsáætlun árána 2019 – 2021. Fyrstu skrefin, þurfum að vera bún með tvær umræður fyrir 15.desember, með tveggja vikna millibili.
11. Aðalskipulags- og deiliskipulagsmál, Hvalárvirkjun.

1.. Áreiðanleikakönnun vegna Árneshrepps fyrir Sparisjóð Strandamanna. Oddviti undirritaði eyðublaðið og aðrir í hreppsnefnd vottuðu undirskriftina.

2. Samþykkja ábyrgðir, oddviti hefur gengið abyrgð fyrir lántöku vegna nýs sorpbíls og mun mæta til fundar í stjórn Sorpsamlagsins föstudaginn 2.nóv. þar sem gengið verður frá kaupum.

3. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Halldóra Pálsdóttir hjá Kpmg ehf vinnur með oddvita að því að ganga frá gögnum til Eftirlitsnefndarinnar.

4. Bréf frá persónuvernd. Málið er í vinnslu og verður leyst með samstarfi við m.a. Strandabyggð.
5. Undirskrift kaupsamings vegna Kambs, oddviti og tveir vottar undirituðu. Málefni Kambs vegna útkomu bókar var rædd í hreppsnefnd.
6. Óbyggðanefnd kynning á kröfum ríkisins. Hreppsnefnd ræddi kröfur ríkisins og mótmælir þeim fyrir hönd sveitarfélagsins. Nefndin ákvað jafnframt að athuga með hugsanlega milligöngu um aðkomu sameiginlegs lögræðings til að gæta hagsmuna jarðeigenda.
7. Umhverfisstofnun, bréf lagt fram til kynningar. Leitað verður upplýsinga hjá öðrum sveitarfélögum og gerð ný Áætlun fyrir Norðurjarðarhöfn.
8. Gjaldskrá vegna framkvæmdaleyfa og fleira. Samþykkt var Gjaldskrá Framkvæmdaleyfa og skipulagsvinnu í Árneshreppi, og verður hún gerð opinber á heimasíðu hreppsins sem fyrst.
9. Erindi vegna lóðar í Djúpavík. Hreppsnefnd ræddi málið og samþykkt var að vísa erindinu til byggingarfulltrúa þar sem hann sér um hnitsetningar lóða.
10. Undirbúningur fyrir gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2019 – 2021. Oddviti vakti athygli á því að nú standa þessar umræður fyrir dyrum og gott að fara að hugleiða hvað við viljum gera á næsta ári. Hugmyndir varðandi auknar tekjur og meiri útgjöld þurfa að koma sem fyrst fram þegar fyrri umræða verður tekin.
11. Aðal-og deiliskipulagsmál, Hvalárvirkjun. Vísað er til tillögu skipulagsnefndar í ljósi annmarka á auglýsingu á samþykkt Deiliskipulagsins Hvalárvirkjun v/rannsókna með vísan til 2.mgr. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Bókun hreppsnefndar er því þessi;

Tillaga að Deiliskipulaginu Hvalárvirkjun v/rannsókna, sbr. uppfærða útgáfu dags. 24.ágúst 2018 unna eftir athugasemdir Skipulagsstofnunar, skal auglýst á nýjan leik samkvæmt 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og málsmeðferð um tillöguna endurtekin þaðan í frá í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Skipulagsfulltrúa er falið að auglýsa tillöguna.

Fleira ekki tekið fyrir og fundir slitið kl. 17:20.